

## Seinna svar vegna fyrirspurnar um sumarstörf Hafnarfjarðarbæjar 2020, mál nr. 2001110

### Sumarstarf Hafnarfjarðarbæjar 2020

Á fundi bæjarráðs þann 4. júní sl. var farið yfir stöðuna og lagt fram minnisblað um stöðu ráðninga í sumarstörf á vegum Hafnarfjarðarbæjar eins og hún var þann 25. maí 2020.

Óskað er eftir að uppfærðum tölum um ráðningar í sumarstörf.

Hversu margar umsóknir bárust?

Hversu margar af þeim umsóknum falla undir nýsköpunarstörf sem bæjarstjórn auglýsti nú í vor sem hluta af Covid-19 aðgerðaráætlun?

Hversu margir voru ráðnir í sumarstörf á vegum Hafnarfjarðarbæjar 2020?

og hversu margir af þeim vegna nýsköpunarstarfa í tengslum við Covid-19 aðgerðaráætlun?

Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 17 ára og yngri?

Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 18 ára og eldri?

Óskað er eftir fjölda 18-19 ára og 20 ára og eldri

Hversu mörgum umsóknum var hafnað? ... og á hvaða forsendum?

Hversu margar umsóknir voru dregnar til baka?

## Svar við fyrirspurn um sumarstörfin

Vinnuskóla Hafnarfjarðar hafa borist fleiri umsókn í ár samanborið við á sama tíma í fyrra. Mesta fjölgunin milli ára er hjá 16 og 17 ára aldursflokknum. Vinnuskóli Hafnarfjarðar ræður öll ungmenni til starfa 17 ára og yngri. Markmiðið er einnig að ráða sem flesta hafnfirski námsmenn í framhalds- og háskóla í sumarvinnu til að viðhalda skólagöngu þeirra. Undanfarin ár hafa ungmennin verið rúmlega 700 og sumarstarfsfólk, 18 ára og eldri um 250.

Fjöldi starfsmanna 2019	
Umsóknir:	1285
Ráðnir:	1054
Þar af 17 ára og yngri	801
Þar af 18 ára og eldri	231
Höfnun:	115
Umsókn dregin til baka:	129

	Fjöldi umsókna 2019	Ráðnir	Höfnun	Í vinnslu	Dregin til baka	Samtals fjöldi umsókna:
VH19001	Verkstjórar á skrifstofu	2	12		1	15
VH19006	Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2002 - 17 ára	39			11	50
VH19009	Ungmenni fædd 2003 - 16 ára	152			14	166
VH19010	Ungmenni fædd 2004 - 15 ára	295			11	306
VH19011	Ungmenni fædd 2005 - 14 ára	260			17	277
VH19008	Biðlisti 17 ára og eldri					
	Þar af 17 ára	55			8	63
	Þar af atvinnuáttak	26	1		9	36
	Þar af 18 ára og eldri	46	33		9	88
VH19004	Sumarstörf fyrir ungmenni 18 ára og eldri	98	40		23	161
VH19003	Flokkstjórar VH - 21 árs og eldri	55	23		23	101
VH19007	Atvinnutengt sumarúrræði	22			2	11
VH19002	Verkstjórar vinnuskóla	4	6		1	11
		1054	115		129	1285

Skekka í upphaflegum tölum frá 2019 stafar af því að ráðningarbeiðni VH19008 var ekki sundurliðuð. Sú ráðningarbeiðni var fyrir allan biðlistann sem myndaðist og þar af leiðandi voru 17 ára, 18 ára og eldri og atvinnuáttak sem er samstarfsverkefni við félagsþjónustu Hafnarfjarðar í einni summu. Hér hafa þessar tölur verið sundurliðaðar.

Ráðningar í atvinnutengt sumarúrræði (ráðningar sem tilheyra Húsinu) voru árið 2019 í gegnum Vinnuskólann en ekki árið 2020. Eins fóru ráðningar í Tómsund og til Byggðasafnsins árið 2019 í gegnum Vinnuskólann en ekki árið 2020. Þetta eru að jafnaði 20-25 sumarstörf.

#### Umsóknir í Vinnuskóla Hafnarfjarðar, 11.8.2020

Heildarumsóknir 11.ágúst 2020	
Umsóknir:	1833
Ráðnir:	1457
Þar af 17 ára og yngri:	1156
Þar af 18 ára og eldri:	301
Umsóknir í vinnslu:	13
Höfnun:	205
Umsókn dregin til baka:	158

	Fjöldi umsókna 11.ágúst 2020	Ráðnir	Höfnun	Í vinnslu	Dregin til baka	Samtals fjöldi umsókna:
VH20004	Umsjónarmaður VH	1	12			13
VH20001	Verkstjórar á skrifstofu	2	15		4	21
VH20007	Atvinnuáttak	26		13	3	42
VH20006	Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2003 - 17 ára	197			39	236
VH20009	Ungmenni fædd 2004 - 16 ára	284			10	294
VH20010	Ungmenni fædd 2005 - 15 ára	297			12	309
VH20011	Ungmenni fædd 2006 - 14 ára	378			8	386
VH20008	Biðlisti 18 ára og eldri	49	80		17	146
VH20005	Sumarstörf fyrir ungmenni 18 ára og eldri	170	69		39	278
VH20002	Flokkstjórar VH - 21 árs og eldri	44	21		20	85
VH20003	Verkstjórar vinnuskóla	9	8		6	23
		1457	205	13	158	1833

Um 13 manns eru í vinnslu og það þýðir að þau eru að starfa í sérstöku atvinnuúrræði unnið með fjölskyldu- og barnamálasviði og beðið er eftir því hvort þau hefji störf.

	Umsóknir	Ráðningar	Mismunur:
	11.8.2020	2019	
Umsóknir:	1833	1285	548
Ráðnir:	1457	1054	403
Þar af 17 ára og yngri:	1156	801	355
Þar af 18 ára og eldri:	301	231	70
Umsóknir í vinnslu:	13	0	13
Höfnun:	205	115	90
Umsókn dregin til baka:	158	129	29

## Höfnun

Skilgreiningin og forsendur bakvið höfnun umsækjenda er margþætt. Þegar auglýst er starf umsjónarmanns og einn aðili er ráðin þá fá hinir 12 umsækjendurnir höfnun. Hér eru taldar upp helstu ástæður höfnunar:

- Umsóknin sjálf er ófullnægjandi þ.e. að ekki er búið að fylla umsóknarformið almennilega út og því takmarkaðar upplýsingar á eyðublaðinu.
- Um er að ræða sérhæft starf þar sem fáir eru ráðnir s.s. verkstjórn og því fá þeir sem ekki eru ráðnir höfnun.
- Umsækjendur hafa unnið hjá Vinnuskóla Hafnarfjarðar áður og hafa ekki staðið sig eins og til var ætlast.
- Umsækjendur stefna á að taka langt frí eða vera takmarkað í vinnu yfir sumartímabilið. Störf í Vinnuskólanum eru þannig að ekki er hægt að vera mikið fjarverandi. Það er vegna þess að 18 ára og eldri eru t.d. aðstoðarflokkstjórar yfir ungmönnum sem þau bera ábyrgð á, vinna í slætti þar sem farið er eftir skipulagi sem standast þarf tímamörk og fleira í þeim dúr.
- Umsækjendur geta ekki hafið störf á þeim tíma sem óskað er eftir.
- Umsækjandi er á sakaskrá og æskulýðslög heimila ekki ráðningu þeirra sem brotið hafa af sér ákveðin hegningarlög.

## Aldursdreifing í Vinnuskóla Hafnarfjarðar

Aldur:	Fjöldi umsókna:	Ráðnir:	Dregin til baka:	Höfnun:	Nánari skoðun (atvinnuáttak)
14	380	375	5	0	
15	307	296	11	0	
16	289	280	9	0	
17	229	193	35	1	
18	137	64	4	69	
19	106	48	12	46	
20	83	43	5	33	2
21	73	46	11	16	
22	42	23	8	11	
23	32	20	2	10	
24	25	7	6	9	3
25	13	4	3	6	
26	11	6	1	4	
27	11	6	4	2	
28	12	4	2	5	1
29	5	1	0	3	1
30	5	2	0	2	1
31	5	2	0	2	1
32	11	3	4	4	
33	4	2	0	1	1
34	4	1	0	3	
35	7	4	0	3	
36	1	1	0	0	
37	2	1	0	1	
38	5	3	1	1	
39	1	1	0	0	
40	4	2	1	0	1
41	2	0	1	0	1
42	1	0	1	0	
46	1	1	0	0	
47	2	1	0	0	1
48	1	1	0	0	
49	1	0	0	1	
51	2	0	0	1	1
54	1	0	0	1	
55	1	0	0	1	
56	2	1	0	0	1
59	2	0	0	2	
62	2	0	1	1	

## Sumarstarfsmenn 18 ára og eldri

Bæjarráð samþykkti þann 4. júní sl. að Vinnuskóli Hafnarfjarðar fái úthlutað allt að 120 auka sumarstörfum fyrir framhalds- og háskólastúdenta. Verði þeim störfum ráðstafað sem flokkstjórum og til

*Íþrótt- og tómstundafélaga vegna aukinna umsvifa þar vegna námskeiða og sumarverkefna. Er ráðstöfunin í samræmi við aðgerðaáætlun bæjarstjórnar vegna áhrifa COVID-19.*

Gert var ráð fyrir óbreyttum fjölda í vinnuhópa sumarstarfsmanna 18 ára og eldri í áætlunum fram að bókunum bæjarstjórnar vegna áhrifa Covid-19 í vor. Þetta eru hóparnir sem sinna blómum, slætti, viðhaldi, Hellisgerði og á skrifstofu Vinnuskólans.

Núna er búið að fjölga umtalsvert starfsmönnum sem starfa hjá íþróttafélögum. Vegna fjölda barna í vinnuskólanum var aðstoðarflokkstjórum fjölgað nokkuð. Eftir sat hópur sem hafnað var s.s. vegna ófullnægjandi upplýsinga í umsókn viðkomandi og vegna framistöðu umsækjanda fyrri ár.

## Nýsköpunarstörfin

	Umsóknir	Einstaklingar	Ath.
• Hversu margar umsóknir bárust?			
○ Hversu margar af þeim umsóknum falla undir nýsköpunarstörf sem bæjarstjórn auglýsti nú í vor sem hluta af Covid-19 aðgerðaráætlun?	537	225	537 umsóknir um 25 auglýst störf bárust frá 225 einstaklingum
• Hversu margir voru ráðnir í sumarstörf á vegum Hafnarfjarðarbæjar 2020?			
○ og hversu margir af þeim vegna nýsköpunarstarfa í tengslum við Covid-19 aðgerðaráætlun?		74	
• Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 17 ára og yngri?	x	x	Námsmenn í atvinnuátaki þurfa að vera 18 ára á árinu eða eldri
• Hversu margir af þeim sem ráðnir voru eru 18 ára og eldri?		74	
○ 18 ára		7	
○ 19 ára		14	
○ 20 ára og eldri		53	
• Hversu mörgum umsóknum var hafnað? ... og á hvaða forsendum?	184	109	184 umsóknum frá 109 einstaklingum var hafnað
• Hversu margar umsóknir voru dregnar til baka?	97	42	97 umsóknir frá 42 einstaklingum voru dregnar til baka

Hafnarfjarðarbær ræður í raun fleiri sumarstarfsmenn en hér sjást í upptalningum. Það eru vinnustaðir Hafnarfjarðarbæjar sem ráða beint sumarafleysingastarfsmenn sem eru ekki inni í þessum tölum s.s. sundlaugar, bókasafnið og heimili fatlaðs fólks.

*Geir Bjarnason 12. ágúst 2020, sett saman úr gögnum frá Andra Ómarssyni, Báru Kristínu Þorgeirsdóttur og Sunnu Magnúsdóttur.*